

Ósanngjörn skattheimta

Í sumar ákvað ríkisstjórnin að endurvekja gamla vörugjaldskerfið, reyndar með tvöföldum þunga, og leggja gjöld á ýmsar matvörur. Það var gert undir formerkjum lýðheilsu og þess að verið væri að skattleggja óhollustu. Þrátt fyrir hörð mótmæli, ekki síst úr ranni Samtaka iðnaðarins, var ákveðið að fara þessa leið.

Í sumar ákvað ríkisstjórnin að endurvekja gamla vörugjaldskerfið, reyndar með tvöföldum þunga, og leggja gjöld á ýmsar matvörur. Það var gert undir formerkjum lýðheilsu og þess að verið væri að skattleggja óhollustu. Þrátt fyrir hörð mótmæli, ekki síst úr ranni Samtaka iðnaðarins, var ákveðið að fara þessa leið.

„Það var eins og við manninn mælt að ekki var fyrr búið að leggja skattinn á að í ljós kom að hann var alls enginn sykurskattur eins og stjórnvöld vildu vera láta“ segir Jón Steindór Valdimarsson, framkvæmdastjóri SI. „Skatturinn var lagður jöfnum höndum á vörur með sykri og þær sem voru án sykurs. Þá voru stórir vöruflokkar undanskildir þrátt fyrir að innihalda sykur.“

Þetta var sem sagt bara gamaldags handahófskennd skattheimta sem hafði þann stóra galla að brengla samkeppnisstöðu einstakra vöruflokka og leggjast með mestum þunga á nokkur íslensk framleiðslufyrirtæki.

Ríkisstjórnin er að semja tillögur sínar um breytingar á skattheimtu og skattkerfi sem lagðar verða fyrir Alþingi á næstu dögum. Ef marka má þær hugmyndir sem hafa verið viðraðar er ein af þeim sú að hækka virðisaukaskatt sérstaklega á þeim matvörum sem vörugjöld voru lögð á í sumar. Það á því enn að höggva í sama knérunn. Enn á að beina spjótum sínum að innlendri framleiðslu og íslenskum iðnfyrirtækjum sérstaklega.

„Samtök iðnaðarins hafa, eins og í sumar, bent á að skynsamlegast og einfaldast sé fyrir allra hluta sakir að fara aðrar leiðir,“ segir Jón Steindór.

„Í fyrsta lagi er rétt að halda þeirri kerfisbreytingu sem var gerð fyrir tveimur árum að hafa allar matvörur í sama skattþrepi. Nú er öll matvara í 7% virðisaukaskattþrepi. Þurfi meiri tekjur af virðisaukaskattskerfinu er skynsamlegast að gera það með því að hækka núverandi þrep.“

Í öðru lagi að fella niður öll vörugjöld sem nú eru lögð á matvæli undir því yfirskeyni að þau innihaldi sykur en neyslu hans þurfi að minnka. Þess í stað verði lagður á raunverulegur sykurskattur á allan innfluttan sykur og sykraðar vörur. Kerfið verði án undantekninga. Þannig næst jafnræði milli vöruflokka og spjótum er beint að sykrinum sjálfum.

Með þessu móti nást því fram öll megin markmið málsins. Auknar skatttekjur, sanngjörn dreifing skattbyrðarinnar og markmið um að sporna við notkun og neyslu sykurs.“